

AUGLÝSING

um gjaldskyldu á bílastæðum við Grettisgötu milli Snorrabrautar og Barónsstígs.

Borgarráð ákvað eftirfarandi á fundi sínum þann 6. júlí 2004, með tilvísun til 20. gr. samþykktar um Bílastæðasjóð Reykjavíkur frá 1. mars 1988, sbr. 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Bílastæði við götukanta Grettisgötu milli Snorrabrautar og Barónsstígs verði gjaldskyld.

Settir verði upp miðamælar beggja megin götunnar, með tímagjaldinu 80 krónur á klukkustund. Lágmarkstími verður 14 mínútur fyrir 10 krónur, en enginn hámarkstími.

Ákvörðunin tekur þegar gildi.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 8. júlí 2004.

Þórólfur Árnason,
e.u. **Gunnar Eydal.**